

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Krossanesi



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	12.10.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhannes Baldur Guðmundsson	Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit í stöðinni en ein athugasemd var gerð við staðsetningu aftöppunarlagningar utan lekavarnarþróar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Krossanesi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um, frá því síðasta eftirlit fór fram. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í rekstrarhandbók. Olíuskiljur voru tæmdar þann 7. sept. sl.

Gert var olíupróf (Macherey-Nagel) í báðum skiljunum í eftirlitinu. Engin olía greindist á prófinu. Stöðin stenst því ákvæði 2.4 í starfsleyfi en þar segir að olía í frárennsli stöðvarinnar megi ekki vera meira en 15 mg/kg.

Bent er á að þrýstiprófa þarf lagnir á plani nú í ár. Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og eiga næstu mælingar að fara fram árið 2018. Breytingar hafa verið gerðar á innihaldi geyma þannig að í geymum 1, 5, 6 og 8 er MGO (Marine Gas Oil) og í geymi 4 er AGO (Automotive Gas oil), annað er óbreytt.

Sjálfvirkir lokar eru fyrir olíuskiljurnar og loka þeir sjálfkrafa fyrir nemi þeir olíu í brunninum. Opna þarf handvirkt fyrir lokana aftur.

Bensín er geymt í stöðinni. Stöðin í Krossanesi hefur ekki gufusöfnunarbúnað þar sem skv. 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað.

Gengið var um stöðina, lagnir og geymar voru sjónskoðaðir. Einnig voru lekavarnir (þró) og olíuskiljur skoðaðar. Áfyllingarplan var skoðað og er það olíuhelt skv. ákvæði starfsleyfis. Girðingar og hlið voru í lagi og stöðin var snyrtileg á að líta.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaráhöpp hafa orðið að sögn rekstraraðila. Óhapp varð er ekið var á lagnabrú við áfyllingarplan en enginn leki varð við það óhapp.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við aftöppunarlögn við skoltank sem staðsettur er innan þróar. Lá lögnin yfir þróarvegginn og endi hennar vísaði á malarplan utan þróar. Bent er á að skv. gr. 2.2 í starfsleyfi skal áfylling flutningsgeyma fara fram á olíuheldu áfyllingarplani. Þetta á einnig við um afdælingu frá flutningsgeymum yfir í fasta geyma. Rekstraraðili tók vel í ábendinguna og ætlar að vinna að útbótum.

ANNAÐ

Bent var á að sækja þarf um endurnýjun starfsleyfis í tíma en núverandi leyfi rennur út 31. janúar 2018.

Reykjavík, 31.10.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu

G. Stella Arnadóttir

heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir